



Frá Foreldraverðlaunum Heimilis og skóla í fyrra, 2010.



Foreldraverðlaunin 2011

Vilt þú vekja athygli á verðugu verkefni eða metnaðarfullu viðfangsefni? Þá er um að gera að grípa tækifærið og tilnefna hópa eða einstaklinga sem standa að góðum verkum. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra árið 2011 verða afhent við hátíðlega athöfn kl. 15:00 í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 24. maí næstkomandi. Óskað er eftir tilnefningum frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum sem stuðla að eflingu skólustarfs og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og nærsamfélagsins.

Tilnefningar óskast sendar á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á www.heimiliogskoli.is. Þar er að finna leiðbeiningar og nánari upplýsingar. **Síðasti skiladagur tilnefninga er 28. apríl 2011.**

Endurskoðuð drög að aðalnámskrá

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur birt endurskoðuð drög að almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla á vefsvæði sínu. Fyrstu drög að almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla voru sett á vef ráðuneytisins sl. sumar og óskað var eftir athugasemdum. Fjölmargar gagnlegar athugasemdir og ábendingar bárust. Einnig kynntu fulltrúar ráðuneytisins drögin á fundum með hagsmunaaðilum þar sem leitað var eftir sjónarmiðum þeirra. Starfshópur á vegum ráðuneytisins hefur farið yfir allar ábendingar sem bárust og skilað ráðuneytinu endurskoðuðum drögum sem ráðuneytið hefur tekið afstöðu til. Þessi drög eru nokkuð breytt frá þeim fyrri. Þar er m.a. að finna drög að viðmiðunarstundaskrá og viðmiðum fyrir námsmat við lok grunnskóla sem ekki voru í fyrri drögum. Ráðuneytið telur mikilvægt að fá viðbrögð hagsmunaaðila við þessum endurskoðuðu drögum áður en gengið verður frá þeim til útgáfu. **Frestur til að skila inn athugasemdum og umsögnum er til 1. maí 2011** á netfangið namskra@mrn.is. Stefnt er að því að gefa út nýjan almennan hluta aðalnámskrár grunnskóla haustið 2011. Vinna við greinahluta aðalnámskrár grunnskóla er að hefjast og stefnt er að útgáfu þeirra í áföngum árið 2012.



Evrópusamkeppni í júní

Fulltrúar Íslands í Evrópusamkeppni um besta barnaefnið á netinu, sem SAFT stóð fyrir hér heima, verða vefur Námsgagnastofnunar í flokki fullorðinna (sjá www.nams.is) og leikritið „Þú ert það sem þú gerir á netinu“ í flokknum efni frá ungu fólki (sjá <http://leikumaflist.is>). Fulltrúar beggja verkefna verða viðstaddir þegar niðurstaða dómnefndar verður kynnt 16. júní nk. í höfuðstöðvum ESB í Brussel. Tilgangur samkeppninnar er að vekja athygli á gæðaefni fyrir 6 til 12 ára börn sem er nú þegar til staðar á netinu. Einnig er ætlunin að hvetja til framleiðslu á þess háttar efni.

Námskeið fyrir skólanefndir

Nú á vormánuðum hafa verið haldin námskeið fyrir skólanefndir víðs vegar um landið. Fyrir þeim standa Samband íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóla - landssamtök foreldra. Fyrsta námskeiðið fór fram í Reykjanesbæ 4. apríl sl. og verður það síðasta haldið í Reykjavík 6. maí nk. Á námskeiðunum eru fulltrúum kynnt hlutverk skólanefnda, verkefni þeirra og skyldur. Fjallað er m.a. um úrskurði og álit sem komið hafa frá ráðuneytinu og áhersla lögð á að fara í raunhæf verkefni sem gagnast skólanefndarfulltrúum við störf sín.

Gleðilega páska!

Heimili og skóli - landssamtök foreldra óska öllum landsmönnum gleðilegra páska og notalegra samverustunda yfir hátíðirnar. Skrifstofan verður lokað yfir páskahátíðina en opnar aftur þriðjudaginn 26. apríl næstkomandi.



Aðalfundur Heimilis og skóla verður haldinn 24. maí 2011

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra, verður haldinn 24. maí næstkomandi kl.18:00, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík. Á dagskrá verða hefðbundin mál og hvetjum við alla félagsmenn til að mæta. Nánar auglýst síðar.